



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir gististað; hótél með veitingum (Grandi by Center Hotels) að Seljavegi 2, F2000261, rými 010101.

Nafn leyfishafa: Miðbæjarhótél/Centerhotel ehf.

Heimilisfang: Þverholt 14

Póstnúmer: 105

Kennitala: 450905-1430

Útgáfudagur leyfis: 7. ágúst 2025

Gildir til: 7. ágúst 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfissskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Starfsleyfissskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði*.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnaði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 7. ágúst 2025





Greinargerð með starfsleyfi fyrir hótél Grandi by Center Hotels að Seljavegi 2.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur auglýsti drög að starfsleyfi fyrir gististað; tegund hótél, Grandi by Centerhotel að Seljaveg 2, þann 2. júlí sl. ásamt eftirtöldum gögnum: Drögum að starfsleyfi, Umsókn um starfsleyfi, Rekstrarleyfisumsókn sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, Jákvæðri staðfestingu byggingarfulltrúa um að húsnæði og fyrirhuguð starfsemi gististaðar séu í samræmi við byggingarreglugerð og skipulag og Starfsleyfisiskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði í Reykjavík.

Frestur til að koma með skriflegar athugasemdir var til 30. júlí 2025. Umsækjandi um starfsleyfi er Miðbæjarhótél/Centerhotels ehf., kt. 450905-1430.

Engar athugasemdir bárust vegna fyrirhugaðs rekstrar hótels að Seljavegi 2.

Umsókn Miðbæjarhótels/Centerhotels ehf., kt. 450905-1430, dags. 25. júní 2025, að loknu auglýsingaferli, var lögð fyrir 1850. afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 7. ágúst 2025, um starfsleyfi fyrir gististað; hótél (Grandi by Center Hotels) að Seljavegi 2, F2000261, rými 010101. Breyting á starfsemi. Samþykkt var að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisiskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði.*

Reykjavík, 3. september 2025